

Álfhólsskóli

Skólaráðsfundur

FUNDARGERÐ		Tilfni fundar	
		Skólaráð	
Dags. fundar	Tími	Staður	Nr. fundar
17. janúar 2017	(08:10 – 9:30)	Skólastjórnarskrifstofa, Hjalla	4
Fundarboðandi	Fundarritari	Fundarstjóri	Fj. bls.
Sigrún B.	Sigrún Erla	Sigrún B.	2
Boðaðir voru:			
Sigrún Bjarnadóttir, Sigrún Erla Ólafsdóttir, Gerður Tómasdóttir, Júlíus Þór Sigurjónsson, Halla Valgeirsdóttir, Karl Einarsson, Selma Guðmundsdóttir, Elísabet Stefánsdóttir, Liv Bárðardóttir, Guðgeir Ingi Stefánsson, Ágústa M. Jónsdóttir, Andrea Þórey Sigurðardóttir og Stefán Hjörleifsson.			
Mættir voru:			
Allir boðaðir nema Lív, Stefán og Gerður			
Málefni			
Dagskrá:			
1. Skóladagatal 2017-2018			
2. Hreystibraut			
3. Önnur mál			
4. Önnur mál			

Málefni	Niðurstaða
1. Skóladagatal 2017-2018	<p>Hefur verið samþykkt á kennarafundi. Rætt um niðurröðun skipulagsdaga, fjölga að hausti og fækka að vori til að koma til móts við þörf á undirbúningstíma og endurmenntun á haustin. Bætt við haustþemadögum að hausti, umsjónarkennaradagar sem einkennast af hópefli fyrir árganginn og bekkinn í samvinnu við aðra kennara. Skipulagsdagur sem hefur verið í nóvember var færður fram yfir áramót vegna fyrirhugaðrar námsferðar kennara í febrúar. Ekki hefur enn verið teiknað upp viðburðardagatal, þ.e. þemadagar, samræmd próf o.fl.</p> <p>Foreldrakönnun framundan varðandi hvort vetrarfrí eigi að vera tvískipt, slembiúrtak. Þörf á að þýða Skólapúlsinn á önnur tungumál. Foreldrar telja brýnt að allir foreldrar fái könnunina hverju sinni ekki aðeins úrtak foreldra.</p> <p>Skóladagatal samþykkt af skólaráði.</p>
2. Hreystibraut	<p>Tillaga að teikningu fyrir Hreystibraut frá Umhverfisstofu í Digranesi. Hreystibrautin var samþykkt með kosningu í Betri Kópavogur. Staðsetningin var ákveðin með tilliti til staðsetningu íþróttahússins með það í huga að hún nýttist í íþróttakennslu. Meirihluti nemenda á mið- og unglíngastigi ósáttir, vilja fá brautina Hjallamegin. Bærinn segir það í höndum skólans að óska eftir staðsetningu í samráði við foreldra, starfsfólk og nemendur. Foreldrar óska eftir að brautin sé staðsett í Hjalla, fyrst og fremst vegna skorts á leiktækjum í Hjalla auk þess sem brautin sé ætluð eldri börnum. Kennarar telja ákjósanlegra að brautin sé í Hjalla.</p> <p>Niðurstaðan er sú að brautin verði sett upp í Hjalla næsta sumar.</p> <p>Skólaáætlanir fram tíðaráætlanir varðandi skólalóðina í Digrá.</p>

Álfhólsskóli

3.Önnur mál	<p>Spjaldtölvureglur á unglíngastigi. Settar bráðabirgða reglur á deildarfundum. Nemendum fannst þetta koma í bakið á sér, hefðu viljað betri kynningu á reglunum.</p> <p>Reglurnar settar vegna síendurtekinnna brota á spjaldtölvureglum, nú hefur verið bætt við viðurlögum.</p> <p>Þörf á að ræða við nemendur um notkun spjaldtölva í íþróttahúsi.</p> <p>Foreldrar greina frá skorti á skilum á verkefnabók um í list og verk. Einnig eru vandræði með að senda pósta og fá svar frá kennurum.</p>
-------------	--